Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Mennta- og barnamálaráðuneytið
Kalkofnsvegi 2
101 Reykjavík

Kópavogur, 23. október 2026
Málsnr. 1910005/HBJ/PBG

Umsögn SSH um drög að tillögu til þingsályktunar um þriðju aðgerðaáætlun menntastefnu til 2030, S-210/2026.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) fagna áherslum aðgerðaáætlunarinnar á aukin gæði náms og kennslu og snemmtækan stuðning við börn. Aðildarsveitarfélög SSH hafa mikinn metnað fyrir hönd leik- og grunnskóla sinna. Nauðsynlegt er þó að kostnaður við framkvæmd aðgerðanna sé metinn með fullnægjandi hætti og fjármögnun þeirra tryggð.

SSH telja fyrirliggjandi kostnaðarmat ófullnægjandi að því er varðar áhrif á rekstur sveitarfélaga. Þótt ráðuneyti eða ríkisstofnanir séu tilgreind sem ábyrgðaraðilar mun framkvæmd margra aðgerðanna fara fram í leik- og grunnskólum, þar sem sveitarfélög bera rekstrar- og launakostnað. Ekki verður séð að þessi kostnaður hafi verið metinn sérstaklega. Almenn tilvísun til þess að verkefni rúmist innan núverandi fjárheimilda nægir ekki án greiningar á áhrifum þeirra á sveitarfélögin.

Sem dæmi má nefna aðgerð 1.11 um leiðsögn fyrir nýja kennara. Skipulögð leiðsögn krefst tíma bæði nýliðans og reynds leiðsagnarkennara og getur kallað á afleysingar eða annað svigrúm í mönnun. Sama á við um auknar kröfur um samfellda starfsþróun, endurgjöf og eftirfylgd kennara. Þá geta aðgerðir um stuðning við nemendur innan átta vikna, aukna þjónustu við fjöltyngd börn og lágmarkskröfur um mönnun og aðgengi að skólaþjónustu haft í för með sér verulegan viðbótarkostnað.

SSH mælast því til þess að kostnaðarmatið verði endurskoðað í samstarfi við sveitarfélögin áður en aðgerðaáætlunin verður samþykkt. Meta þarf bæði innleiðingarkostnað og varanleg áhrif á rekstur leik- og grunnskóla og skólaþjónustu, að teknu tilliti til núverandi verkefna og þess svigrúms sem er til staðar. Jafnframt þarf að liggja skýrt fyrir hvernig aukinn kostnaður sveitarfélaga verður fjármagnaður, svo að raunhæfar forsendur séu fyrir því að markmið áætlunarinnar náist.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri